

Reykjalundur endurhæfing ehf

19. fundur stjórnar 6. apríl 2022 kl. 08.15-10.00 í Grímansfelli

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjánsson.

Gestir við undirritun lánasamnings Sveinn Guðmundsson, formaður og Guðmundur Löve framkvæmdastjóri SÍBS

Dagskrá.

1. Fundargerð 18 fundar til samþykktar og undirritunar.

Samþykkt og undirrituð.

2. Rekstur fyrstu 2 mánuði ársins 2022.

HK kynnir 17,6 m.kr. rekstrarhalla eftir fyrstu tvo mánuði ársins 2022. Áætlun ársins gerði ráð fyrir 20,4 m.kr. halla fyrir sama tímabil.

3. Bréf forstjóra SÍ til forstjóra RLE.

PM kynnir. Í bréfinu kemur fram að þjónustusamningur Reykjalundar við SÍ hefur verið framlengdur um 3 mánuði til og með 30. júní 2022 og jafnframt að þeim hluta þjónustusamningsins sem snýr að starfsendurhæfingu er sagt upp með 6 mánaða fyrirvara og tekur uppsögnin gildi frá og með 1. október 2023.

4. Lánasamningur SÍBS og Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Undirritun lánasamningsins fór fram þegar Sveinn Guðmundsson formaður SÍBS og Guðmundur Löve framkvæmdastjóri SÍBS mættu á fundinn kl. 9:30.

5. Önnur mál

- a. Heimsókn stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf. á Reykjalund. Stjórnin áformar að heimsækja helstu starfsstöðvar á Reykjalundi og munu byrja á heimsókn á sjúkrapjálfunardeild og iðjuþjálfunardeild þann 3. maí n.k.
- b. Fulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu komu á Reykjalund í síðustu viku og ræddu húsnæðismál og fleiri mál við aðila úr framkvæmdastjórn.